



Daninn Björn Nörngaard í hraunhíbýlum sínum




Björn Nörngaard frá Danmörku, Viggo Andersen frá Noregi og Íslendingarnir Magnús Tómasson, sem aðstoðaði við uppsetningu og Aðalsteinn Ingólfsson, framkvæmdarstjóri sýningarinnar.

Fjórir norrænir listamenn sýna á Kjarvalsstöðum

Sýningin, sem haldin er á Kjarvalsstöðum, er hingað komin fyrir tilstilli Henie-Onstad-safnsins í Osló og Norræna Menningarmálasjóðsins, og hefur ferðast víða um Norðurlönd. Upphaflega voru þessir fjórir listamenn valdir á hinn þekktu Æsku-Biennial (á tveggja ára fresti) í París árið 1977, en þangað er jafnan boðið þeim listamönnum, sem ekki hafa náð 35 ára aldri og þykja standa framarlega innan nýlista. Eru það gagnrýnendur, sem ráða valinu en ekki opinberar nefndir í hverju landi.

parkettgólfið (að visu plast undir), og staðsett muður og sófa sett í grýtið. Einnig liggur opin vatnspró í gegnum malarlandslagid og flýtur þar á yfirborðinu plastfiskur og gúmmikúla með sovéska fánanum innan í. Nörngaard kvadst hafa ekið mölinni og hraungrýtinu inn í salinn í hjólbörum, en Aðalsteinn hafi útvegað grjótið. Sagði þessi danski listamaður að verkið hefði fjórfalda þætti: Efnisnotkun, raunsæismynd, formhugsun og frásögn. Norðmaðurinn Viggo Ander-



Dragspil Svians Anders Aberg, sem Magnús Tómasson puðar við að koma saman.

við hina andstyggilegu vegg Kjarvalsstaða. Kassinn, sem Viggo hefur byggt, er um 40 fermetrar að stærð, og er gerður úr hvítmáluðum spónplötum. „Þessi kassi er gagnrýni og mótmæli sett til höfuðs arkitekt Kjarvalsstaða“, sagði Viggo. Kassinn er byggður skáhallt á salinn, þannig að parkettgólfið fellur skáhallt inn í kassann. „Gólfið er aftur á móti alveg stórkostlegt, það er hægt að gera allan andskotann á


myndlist. Hann hefur meðal annars sýnt þennan áhuga sinn í verki með því að leggja fram tillögu um endurskipulagningu Vigelandsgarðsins í Osló, en það er frægur garður fyrir höggmyndir norska skulptúristans Vigelands. Viggó vildi fjarlægja allar stytur fyrir höggmyndir og skipta garðinum upp í litla hyrninga, sem innihéldu hver sitt náttúruvefni, eins og gras, kjarr, mól, vatn o.s.frv.

Að sjálfsgöðu vakti tillagan mikla reiði og hneyksli meðal Norðmanna, sem eru tiltölulega vanabundnir við umhverfi sitt. Til skýringar birtum við teikningu Viggós að breytingartillögunni.

Olafur Lárusson er Íslendingur að góðu kunnur. Hann er fæddur 1951 í Reykjavík og hefur numið við Ateliers 63, Haarlem í Hollandi eftir hann útskrifaðist frá Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1974. Hann hefur sýnt mikið í Galleri SOM og hefur einnig haldið sýningar í Hollandi. Að þessu sinni sýnir Olafur safn ljósmynda.

Anders Áberg er fæddur 1945 í Stokkhólmi og hefur haldið fjölda einkasýninga í Svíþjóð og einnig tekið þátt í mörgum sam-sýningum. Hann hefur sagt um líf sitt og umhverfi: „Lífleysinu er stillt upp á móti ástinni. Hina miklu samstöðu er að finna á götum, á kaffihúsum, heima hjá kunningjunum, sem eru reidubúnir að fórna sér, þegar mikið liggur við. Hlutlægnin má ekki taka völdin. Hlutverk listamannsins er lífsform, sem stefnir þér rakleibis til annarra manneskja. Leyfið mér allavega að halda það. Andskotinn hafi það, af hverju varð maður ekki hljómlistamaður í staðinn fyrir að lifa þessu einstæðingslífi. Tveggja ára sonur minn Tom liggur í grasinu, sumir gefa út klámblöð, hljólræðarmaðurinn þular upp brekku, gangan gegn Barsebäck er hafin, menn ræða málin og enginn er hræddur við að opna kjafinn, húsmæðurnar frelsast úr einbýlisfangelsunum.“

Svona hugsanir sækja á mig hérna í galleriinu. Líttu við og við skulum fá okkur tíu dropa og rabba saman á einhverju kaffihúsi. Þú borgar, ekki satt....”



Tillaga Viggo Andersens að nýrri skipulagningu Vigelandsparken í Osló.

Þegar blaðamaður Þjóðviljans leit inn á Kjarvalsstaði í gærðag voru menn í óða önn að koma fyrir listaverkunum, en sýningin opnar í dag kl. 15.00.

Aðalsteinn Ingólfsson framkvæmdastjóri listaráðs Kjarvalsstaða var á þönum um salinn, útskýrandi fyrir blaðamönnum listaverk og æviágrip listamanna. Magnús Tómasson var hins vegar á kafi að koma upp heljarmikilli harmóníku úr tré og trefjaplasi, sem sænski listamaðurinn Anders Áberg hefur hannað.

Þessir fjórir ungu listamenn eru: Viggo Andersen frá Noregi, Björn Nörngaard frá Danmörku, Olafur Lárusson frá Íslandi og umræddur Anders Áberg frá Svíþjóð.

Tveir af þessum norrænu listamönnum eru staddir á Íslandi í sambandi við sýninguna og eru það þeir Viggo Andersen frá Noregi og Björn Nörngaard frá Danmörku. Sá síðarnefndi á mikið verk á sýningunni, sem þekur marga fermetra af gólfinu. Hefur listamaðurinn hella hraungrjóti, mól og steinum á

sen, sem hér er einnig staddir, sagði að salurinn á Kjarvalsstöðum hefði farið mjög illa í sig. Tók hann þá það til ráðs að byggja sal í salnum til að losna

svona gólfi“, sagði Viggó. Hann hefur t.d. notfært sér gólfið á þann hátt að strengja hvíta nælonlinu úr þaki niður í gólf og upp aftur, lína, sem undirstrikar hinn skáhalla kassa. Úr loftinu hangir lóð og álbútar, perum er komið fyrir á hinum hvítu veggjum og tveir litir blandast úr tveimur glerkútum, í öðrum er gulur litur en í hinum er blár. Rafmagnskertið blandar þessa tvo litir saman, en eins og menn vita verða umræddir litir að grænum lit við blöndun.

Viggo segist eiginlega hafa meiri áhuga á arkitektúr en

Texti: IM
Myndir: Leifur